

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

77

19. ágúst

*Gjört í Reykjavík, 19. ágúst 1950.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

Stjórnartíðindi 1950, A. 12.

BRÁÐABIRGÐALÖG

78

29. ágúst

um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar.

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að setja bráðabirgðalög um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar.

Með bráðabirgðalögum nr. 71, dags. 19. júlí s. l., var vísitala sú, er kaupgjald skyldi greitt eftir, hækkuð um 3 stig í 112 með því að ekki var talið sanngjarnt, að ákvæði laga nr. 56/1950 um breytingu á lögum nr. 39 1943, um húsaleigu, hefðu áhrif á útreikning framfærsluvísitölnunnar nema að litlu leyti, vegna þess að lögin voru þá nýlega sett og lítið komin til framkvæmda.

Við nánari athugun málsins og með tilliti til rannsóknar á raunverulegri húsaleigu í húsum byggðum eftir 1945, sem sýnir að yfirleitt hefur húsaleiga enn ekki lækkað, telur ríkisstjórnin sanngjarnt að áðurnefnd lög um húsaleigu hafi ekki áhrif á útreikning húsaleiguliðs framfærsluvísitölnunnar og enn fremur að húsnæðisliður hennar skuli ákvarðaður í samræmi við rannsóknir, er kauplagsnefnd lætur gera.

Þess vegna þykir rétt að setja lög um að hámarksákvæði laga nr. 56 1950, um húsaleigu, skuli ekki hafa áhrif á útreikning framfærsluvísitölnunnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Húsaleiguliður vísitölu framfærslukostnaðar skal reiknaður án tillits til 5. gr. laga nr. 56/1950, um breytingu á lögum nr. 39/1943 um húsaleigu. Skal nefndur vísitöluliður reiknaður eftir því ákvæði í 3. gr. laga nr. 22/1950, um gengisskráningu o. fl., að miðað sé við húsaleigu í húsum, sem fullgerð eru eftir árslok 1945, og á grundvelli rannsóknar kauplagsnefndar á húsaleigu.

2. gr.

Skal kauplagsnefnd reikna á ný vísitölu júlímánaðar samkvæmt ákvæðum 1. gr. og skal sú vísitala gilda fyrir kaupgreiðslur frá 1. ágúst til 31. des. 1950.

78

29. ágúst

3. gr.

Nú er vísitala framfærslukostnaðar fyrir júlímánuð, samkvæmt ákvæðum 1. gr. þessara laga, hærri en 112 stig, og skal þá hækka uppbót á kaupgreiðslur fjóra síðustu mánuði ársins þannig, að mismunurinn fyrir júlímánuð sé að fullu bættur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt falla úr gildi bráðabirgðalög nr. 71 19. júlí 1950.

Gjört í Reykjavík, 29. ágúst 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

Stjórnartíðindi 1950, A. 13.

79

5. okl.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um aðstoð til bænda á ópurrrasvæðunum á Austur- og Norðurlandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að á ópurrrasvæðunum í Austur-Skaftafells-, Múla- og Þingeyjarsýslum, svo og í Árneshreppi í Strandasýslu, sé hefyngur bænda langtum minni en í meðalári, bæði að vöxtum og gæðum, og víða svo lélegur, að þess séu ekki dæmi. Sé því auðsætt, að fjöldi bænda verði að skerða bústofn sinn til mikilla muna, ef þeir fá ekki aðstöðu til að afla sér fóðurbætis og sums staðar heyja.

Á þessu svæði eru einnig þær sveitir, sem harðast urðu úti í vorharðindunum 1949. Til þess að forða neyðarástandi á þessum slóðum og stórfelldum niðurskurði bústofnsins verði ekki komizt hjá því, að ríkissjóður veiti skjóta aðstoð, eftir því sem tók eru á.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 4½ milljón króna lán og verja fénu til aðstoðar bændum á ópurrrasvæðunum í Austur-Skaftafells-, Múla- og Þingeyjarsýslum, svo og í Árneshreppi í Strandasýslu. Aðstoð þessi verði veitt sem lán og óafturkræft framlag til hey- og fóðurkaupa á þetta svæði samkvæmt reglum, sem landbúnaðarráðuneytið setur.

2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður, hverjum skuli falið að úthluta fé því, sem um ræðir í 1. gr., og setur nánari ákvæði um framkvæmd laganna og hverjir skuli annast afgreiðslu þeirra lána, sem veitt verða samkvæmt þeim.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 5. október 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.